

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

ÁGÚST 2014



8. tbl. 17. árg.

Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 4-5
Viðtal við Pálinu Magnúsdóttur borgarbókavörður

- bls. 10
Hverfishátíð í Skerjafirði



Gröndalshús býður nú uppvert eftir því að komast í hóp félaga við Vesturgötu.

Gröndalshús flutt í Grjótaborpið

Gröndalshús verður flutt í Grjótaborpið og staðsett á meðal annarra eldri húsa. Húsið stóð áður ofar við Vesturgötu en var flutt þaðan til gleyslu fyrir nokkru. Fljótlega verður hafist handa um undirbúning á lóðinni við Vesturgötu 5a. Steyptur verður kjallari undir húsið en gert er ráð fyrir að að flutningurinn á hinn nýja stað fyrir geti orðið fyrir lok þessa árs.

Reykjavíkurborg keypti húsið á sínum til varðveislu vegna menningarsögulegs gildis þess en það á sér yfir 130 ára sögu.

Sigurður Jónsson járnsmiður byggði húsið árið 1881 úr timbri sem barst til Íslands með gríðarstóru skipi sem rak mannlaust um hafið og strandaði í Höfnum. Sigurður bjó í húsinu og hafði þar einnig járnsmiðju sína til 1888 en þá eignaðist Benedikt Gröndal húsið. Eftir það var það jafnan kennt við hann og nefnt Gröndalshús. Eftir að húsið var flutt var ytra byrði þess endurgert og tekið mið af upprunalegu útliti og byggingarstíl við þá vinnu. Í framhaldi af flutningnum nú verður gengið endanlega frá öllu ytra byrði

hússins og lóð en áætlað er að þeim framkvæmdum verði lokið í júní 2015. Nokkurt tímabundið rask verður vegna flutnings hússins. Flytja þarf tré og steina við götu en hvort tveggja verður endurnýtt. Göngustíg milli húsa frá Hlaðvarpahúsi verður lokað tímabundið og þar kemur vinnuskúr til bráðabirgða. Í frétt frá Reykjavíkurborg kemur fram að áhersla verði lögð á snyrtilega umgengi á verkstað og með öryggi vegfarenda í huga verður vinnusvæðið girt af.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

PANTAÐU Á DOMINOS.IS
DOMINO'S APP | SÍMI 58 12345

Fljótt og Gott

Glæsilegur heimilismatur
alla daga frá 10.30 til 20.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

græn heilsa
Ægisíða 121
Sími 551 1717
Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.

Lambakjötstilboð!

Lambaprime úr kjötborði **2.998.- kr kg**
Lambafilet úr kjötborði **3.989.- kr kg**
Lambalundir úr kjötborði **4.489.- kr kg**

Melabúðin
þín verslun
Sími 551-0224

helgina 21.-24. ágúst
- meðan birgðir endast



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

8. tbl. 17. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Vill að borgin reki heilsugæsluna



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, vill að Reykjavíkurborg reki heilsugæsluna í borginni, með sama sniði og verið hefur á Akureyri, en þar hefur hún verið rekin samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við ríkið og verið samþætt annarri þjónustu. Dagur segir á Facebook-síðu sinni að hann vilji eindregið að heilsugæslan í Reykjavík flytjist til borgarinnar. Hann segir „Akureyrar-módelið“, þar sem öll nærbjónusta sé á einni hendi, vera framtíðarrekstrarfyrirkomulag heilsugæslu, og einu heildstæðu framtíðarsýnina sem víðtæk samstaða sé um.

Fjölmenni í gleðigöngunni



Borgarbúar fjölmenntu í miðborgina þegar gleðigöngun fór af stað um tvöleitið í sól og blíðviðri laugardaginn 9. ágúst. Talið var að um áttatíu þúsund manns hafi verið í miðborginni að njóta gleðinnar. Miðborgin iðaði af lífi þegar gleðigöngunni lauk við Arnarhól og er óhætt að fullyrða að hún hafi verið afar glæsileg og tekist vel í góða veðrinu.

Nýr hjólastígur



Nýr tvíbreiður hjólastígur hefur verið tekinn í notkun í Óskjuhlíð. Stígurinn er við hlið göngustígs sem liggur frá Flugvallarvegi að bílastæðum Háskólans í Reykjavík. Hjólastígurinn er 2.5 metra breiður. Einfaldur áningarstaður hefur síðan verið gerður á stígamótum þar sem stígar frá Perlunni og Hótel Natura tengjast göngu- og hjólastígum. Sett var ný lýsing meðfram stígnum sem Orkuveita Reykjavíkur hannaði. Nýi stígurinn er kærkomin við

bót við fjölbreytt net göngu- og hjólastíga í borginni og liggur að hluta til í gegnum fallett skóglendið í Óskjuhlíð.

Verkefni á Vitatorgi



Í ágúst hafa nokkrir viðburðir verið á Vitatorgi til að draga fólk að umfram það sem gerist á venjulegum dögum. Verkefnið er hluti af „Torg í biðstöðu“, sem ætlað er að gæða almenningsrými auknu lífi og koma með hugmyndir um nýtingu þeirra. Næstkomandi laugardag verður boðið upp á tónleika, dans, hljóðgjörming og matarmarkað.

Stefán Eiríksson sviðsstjóri velferðarsviðs

Borgarráð hefur ákveðið að ráða Stefán Eiríksson sviðsstjóra velferðarsviðs frá 1. september næstkomandi. Stefán hefur starfað sem lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins frá árinu 2007. Stefán býr yfir leiðtogaþæfileikum og hefur farsæla reynslu af stjórnun hjá hinu opinbera til margra ára. Á árunum 2002-2006 sem skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytis og frá árinu 2007 sem lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Stækkun við Fáfnisnes 11

Samþykkt hefur verið að leyfa að byggja kjallara, 1. hæð og rishæð til suðurs úr járnbennti steinsteypu og einangrað að utan með þéttull, koma fyrir þaksvölum á 1. hæð og kvist á norðurhlíð tvíbýlishússins á lóð nr. 11 við Fáfnisnes.

Takmarkað byggingarleyfi fyrir bílgeymslu við Grandaveg 42

Samþykkt hefur verið takmarkað byggingarleyfi til að steypa upp vegg á neðri hæð bílgeymslu ásamt súlum, milligólfi bílgeymslna, sökklum undir plötu og gólplötu efri hæðar bílgeymslu þar sem ekki eru holplötur. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðr-

ar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi.

Samþykkt hækkað ris og svalir við Hólavallagötu 3

Samþykkt hefur verið leyfi til að hækka ris og byggja svalir á bakhlíð, lækka jarðveg við suðurhlíð húss, innrétta nýja íbúð í risi og hjóla- og vagnageymslu í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 3 við Hólavallagötu.

Samþykktir skilveggir í olústöð númer 1

Samþykkt hefur verið leyfi til að steypa skilveggi milli þróa 1, 2 og 3 í olústöð nr. 1 á lóð við Hólmalóð.

Inniframkvæmdir og þakgluggar við Nesveg 47

Samþykkt hefur verið leyfi fyrir áður gerðum breytingum inni sem eru veggir sagaðir og úti hafa verið komið fyrir hurð og glugga á kjallara verönd og fjórum þakgluggum á suðurhluta þaks við Nesveg 47.

Stækkun og breytingar við Ránargötu 29A

Til umfjöllunar er hjá skipulagsfulltrúa umsókn um leyfi til að stækka kvist og byggja svalir við hann, stækka aðaltröppur með palli, breyta stiga milli kjallara og neðri hæðar, koma fyrir salernum og böðum í fjórum svefnherbergjum, breyta inntaki og endurnýja heimtaugar og heimaæðar í húsinu lóð nr. 29A við Ránargötu.

Samþykkt íbúð og sérafnotafletir við Reynimel 28

Samþykki hefur verið veitt fyrir áður gerðri íbúð í kjallara og skiptingu lóðar í sérafnotafleti fjölbýlishúss á lóð nr. 28 við Reynimel.

Hjartað í Vesturbænum

KR varð bikarmeistari í fótbolta á dögnum við mikinn fögnuð félagsmanna og margra Vesturbæinga. KR var stofnað á tímum þegar miklar þjóðfélagsbreytingar voru að eiga sér stað. Þegar fyrstu árbik þess nútíma sem við þekkjum voru við sjónarrönd. Íslendingar voru að kynnast félögum og félagasamtökum og þeir voru líka að kynnast íþróttum sem tóku að festa sig í sessi að glímumni undanskildri sem landsmenn höfðu áður þekkt.

Engin aðstaða var til fótbolta eða annarrar íþróttaiðkunar á þeim tíma. Leikmenn urðu jafnan sjálfir að tína grjót af melum þar sem leikið var áður en hægt var að flauta til leiks. Í fyrstu var leikið á Grímstaðaholti en síðar varð hinn fornfrægi Melavöllur til þar sem Þjóðarbókhlaðan stendur nú. Þar má segja að vaggja fótbolta hafi risið hér á landi. Eftir að þriðji hluti Vesturbæjarins reis vestan Hofsvallagötu og við Kaplaskjól var núverandi fótboltavöllur byggður og félagsaðstaða við Frostaskjól. KR hefur ekki yfir yfirbyggðum velli að ráða – ekki enn að minnsta kosti en hvað framtíðin ber í skauti í þeim efnum er ekki gott að segja til um.

Saga KR greinir frá skini og skúrum eins og gengur í sögu íþróttafélaga. Sigrar og töp skiptast á en Vesturbæingar hafa jafnan verið tryggir að standa með sínu félagi. Sigur KR í bikarkeppninni nú var þeim kærkomin síðsumargjöf. Í 115 ára sögu þessa félags hefur það verið hjartað í Vesturbænum og verður það trúlega svo lengi sem fótbolta verður spilaður hér á landi.

Fjölbreytt hafnarlíf

Í þessu tölublaði Vesturbæjarblaðsins er rætt við Gísla Gíslason framkvæmdastjóra Faxaflóahafna. Í viðtalinu lætur Gísli þau sjónarmið í ljós að gamla höfnin eigi að fá að lifa sem höfn. Að undanfögnu hafi verið unnið að því að festa höfnina í sessi sem höfn á sama tíma og fjölbreytt starfsemi hafi verið að festa þar rætur.

Vesturbæjarblaðið tekur af heilum hug undir þessi sjónarmið Gísla. Mikilvægt er að fjölbreytt hafnarlíf fái að þróast á þessum slóðum þaðan sem Reykjavíkurborg óx frá sjávarsíðunni á sínum tíma. Skipakomur, fiskvinnsla og önnur hafnarstarfsemi á sem best að geta þróast í samfélagi við aðrar atvinnugreinar; verslun og viðskipti, menningarlíf og síðast en ekki síst íbúabyggð.

Þess sér nú þegar ýmis merki að mismunandi atvinnugreinar eru að eflast á hafnarvæðinu. Fyrirhuguð er frekari íbúðabyggð sem er af hinu góða. Hví skildi fólk ekki vilja búa í nágrenni öflugss og fjölbreytts hafnarlífs. Gamla höfnin er ein af perlum Vesturbæjarins. Vonandi verður sú slóð fetuð þar sem þegar hafa verið stigin spor.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI:

511 1188

Vesturbæingar



Enn einn bikarinn í Vesturbæinn!

Íbúar hafa áhyggjur af íbúða- byggingum á N1 lóðinni

Félagið Ægissíða hefur fest kaup á lóð og fasteignum N1 við Ægissíðu 102 en þar hefur verið rekin bensinstöð um langt árabíll. Hugmyndir eru uppi um að á lóðinni verði byggð raðhús og jafnel stærri fjölbýli. Íbúar í nágrenninu hafa miklar og þungar áhyggjur af því að þarna verði um að ræða of þetta og fjölmenna byggð. Íbúar hafa sent umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur erindi þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum yfir þessum hugmyndum og óska eftir því að ráðið upplýsi íbúa um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í málinu og óska jafnframt eftir því að haldinn verði opinn íbúafundur um skipulag þessa svæðis sem fyrst.



N1 lóðin við Ægissíðu þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðahúsnæði.

Vala Ingimarsdóttir er einn af tengiliðum íbúanna á svæðinu. Hún hafði þetta að segja um málið. „Fjölmargir íbúar í Vesturbænum hafa áhyggjur af fyrirhuguðum byggingaráformum á lóð bensinstöðvarinnar við Ægissíðu. Íbúar hverfisins komu af fjöllum þegar fréttir birtust í fjölmiðlum í byrjun sumars þess efnis að á umræddri lóð ætti að rísa íbúða- byggð með raðhúsum og blokkum“ Vala bendir ennfremur á að skipulagsyfirlöngin í Reykjavík hafa hvorki haldið almenna fundi til kynningar á þessum áformum né gert nærliggjandi húsum viðvart um þessa miklu breytingu á skipulagi svæðisins sem mun óhjákvæmilega hafa mikil áhrif á nánasta umhverfi. Það sætir undrun að málið hafi ekki verið kynnt fyrir íbúum í ljósi þess að nýr meirihluti í borginni lagði



Vala Ingimarsdóttir er einn tengiliður íbúa á svæðinu.

upp með að vera í góðu samráði við borgarbúa um veigam i k l a r breytingar á nærumhverfi þeirra. Íbúar í grenndinni við lóð bensinstöðvarinnar við Ægissíðu keyptu sín hús og

íbúðir í þeirri trú að þarna væri í gildi skipulag sem gerir ráð fyrir verslunar- og þjónustsvæði en ekki þéttingarsvæði með blokkum og raðhúsum,“ segir Vala. Skipulagsyfirlöngin í borginni hafa ekki enn svarað erindi íbúanna um málið og við munum að sjálf-sögðu ítreka það. Við ætlum ekki að láta Hofsvallagötuævintýrið og samráðsleysið í kringum það endurtaka sig. Við munum boða sjálf til íbúafundar ef skipulagsyfirlöngin gera það ekki“ segir Vala.

www.borgarblod.is

Vitretext hágæða útimálning fyrir íslenskar aðstæður



Opunartími:
Virka daga: 08.00 – 18.00
Laugardaga: 10.00 – 14.00

Borgartúni 22 Rvk. - Dugguvogi 4 Rvk. - Dalshrauni 11 Hfj. - Furuvöllum 7 Ak. - slippfelagid.is

Dansskóli Birnu Björns

Kennsla hefst 8. september
Skráning á www.dansskolibb.is

Strákatímar!

Hinn frábæri og hæfileikaríki Javier Fernandez sér um break og hiphop kennslu fyrir stráka á öllum aldri. Frábærir tímar stútfullir af nýjungum!



30+ JAZZ!

Mjög vinsælir tímar í gegnum árin hjá okkur. Hér hittast gamlir dansnemendur og dansa og hlæja saman. Freestyledansar, jazz, modern, street, bollywood ofl. Frábæri félagskapur. Kennarar Guffa og Vaka

Mikið um að vera

Hjá okkur er alltaf eitthvað um að vera. Kennarar hafa reglulega þema-dansæfingar, svo eru smærri sem og stærri sýningar yfir árið, stór danskeppni og utanlandsferð!

- Danskeppni
- Dansworkshop
- Nemendasýningar
- Opnir tímar
- Sýningarflokkur
- Dansferð
- Gestakennarar

Flottir dansarar!

Dansskóli Birnu Björns er meðal stærstu dansskóla landsins og eru nemendur á öllum aldri, stelpur og strákar.

- Dansnám 2x í viku 32.500.-
- Dansnám 3x í viku 42.000.-
- Jazzleikskóli 1x í viku 15.900.-
- Break/hiphop 1x í viku 19.500.-
- 30 plús jazz 1x í viku 19.500.-
- 30 plús jazz 2x í viku 32.500.-

*Aðgangur að tækjasal Sporthússins er í boði fyrir 16 ára og eldri.

Við erum nálægt þér

Dansskóli Birnu Björns leggur metnað í að bjóða nemendum uppá danskennslu nærri þér, til að auðvelda nemendum og foreldrum ástundun dansnámsins:

- Vesturbær: Seljavegi 2
- Árbær: Selásbraut 98
- Kópavogur: Dalsmára 1
- Garðabær: Íþróttahúsið við Ásgarð
- Hafnarfjörður: Íþróttahúsið við Strandgötu



Lesskilningurinn skiptir miklu máli

Á undanförunum árum hefur hlutverk almenningsbókasafna verið að breytast frá því að vera söfn útlána yfir í að vera fjölbreyttar menningarmiðstöðvar þar sem áhersla er lögð á menningarmál, alhliða miðlun upplýsinga og vellíðan fólks. Borgarbókasafn Reykjavíkur er eitt þeirra. Safnið er í dag stærsta menningarstofnun borgarinnar - rekur fimm söfn í borgarhverfum auk höfuðstöðvanna í Grófarhúsinu við Tryggvagötu á mótum Mið- og Vesturbæjar. Þess utan er bóka-bíllinn Höfðingi og sögubíllinn Æringi á ferðinni um alla borg. Pálína Magnúsdóttir er borgarbókavörður eins og staða forstöðumanns safnins heitir og stendur hugtakið á gömlum merg. Pálína gegndi áður starfi forstöðumanns bókasafnsins á Seltjarnarnesi í rúma tvo áratugi og hóf þar þá þróun og vegferð sem hún hefur haldið áfram eftir að hún flutti sig inn fyrir borgarmörkin. Vesturbæjarblaðið leit við hjá Pálinu á dögnum og leitaði fróðleiks um safnið og starfsemi þess.



Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður ásamt móður sinni Sveinbjörgu Símonardóttur.

Úr vöruhúsi í menningarmiðstöð

Grófarhúsið við Tryggvagötu var upphaflega byggt sem vöruhús enda stendur það á miðju gamla hafnarsvæðisins. Pálína segir að þegar Borgarbókasafnið flutti þangað úr íbúðarhúsnæði við Grundarstíg á aldamótaárinu 2000 hafi opnast ýmsir möguleikar til þess að víkka hlutverk þess og starfsvið út og þeir möguleikar muni halda áfram að vaxa. „Nú er áformað að reisa viðbyggingu hér við Tryggvagötuna og mun safnið fá hluta hennar til afnota auk þess sem annar hluti verður nýttur fyrir íbúðir. Með viðbyggingunni aukist möguleikarnir enn meira til þess að vinna að hinu tvöfalda hlutverk safnsins.“

Lesskilningurinn skiptir miklu máli

„Eitt af okkar stóru hlutverkum er að gera fólki auðveldara að nýta tungumálið og viðhalda

almennu læsi sem stundum er rætt um að nokkuð vanti á. Ég er ekki viss um að allir séu samála um að skortur á lesskilningi sé fyrir hendi eða að um ólæsi geti verið að ræða en kannanir sýna að við verðum að gera betur. Kennarastéttinni verður ekki einni kennt um þetta. Það væri óréttmætt heldur er þetta hluti af samfélagsþróuninni. Ég hef stundum velt því fyrir mér án þess þó að hafa vísindalegt mat að baki mér hvort vankunnátta í lestri eða takmarkaður lesskylningur séu ný af nálinni. Hvort þessi vandi hafi ef til vill alltaf verið fyrir hendi en sé að koma fram bæði í könnunum og ekki síður fyrir tilstuðlan nýrra miðla einkum internetsins þar sem fólk getur tjáð sig í rituðu máli. Þar kemur glögt fram að hæfnin er mjög misjöfn bæði til að lesa texta, lesa í aðstæður og einnig í tjáningunni.“ Pálína segir að farið sé að skilgreina læsi með öðrum hætti en var. „Við erum að tala um grunnlæsi, menningarlæsi, læsi á samfé-

lagið og jafnvel læsi á fólk. Þannig er búið að víkka hugtakið út. Við teljum það eitt helsta hlutverk okkar að varðveita og efla hæfni fólks að þessu leyti og hvernig við nýtum tungumálið.“

Útlánin verða alltaf grunnstef

Upp í hugann kemur eldri kona með plastpoka í hönd. Hún stefnir á bókasafnið og hverfur í hugarum inn í þá veröld sem er eða ef til vill réttara sagt sem var. Í pokanum eru nokkrar bækur sem hún er að skila. Ætlar að fá aðrar að láni. Ef til vill kemur hún í hverri viku. Ef til vill sjaldnar. Er þessi kona með pokann hætt að koma. Pálína segir svo alls ekki vera. Útlánin séu og eigi að vera ákveðinn hluti af starfi safnsins og þeim heimi sem fólk gengur inn í þegar það kemur inn um dyrnar. „Útlánin verða alltaf grunnstef í starfsemiinni. Ákveðinn hluti af starfinu og einn þáttur upplýsignamiðlunarinnar og til

þess að viðhalda almennu læsi. Annað sem við erum að gera er viðbót við það grunnstef í starfi safnanna og viðleytni þeirra til þess að fá fólk af öllum gerðum og stigum til þess að koma. Að mínu mati er nauðsynlegt að nálgast fólk á fleiri vegu. Ekki einvörðungu út frá lestrarkunnáttu heldur út af þeirri fjölbreytni sem einkennir alla miðlun í dag.“ Pálína segir að það þurfi ákveðinn innri aga til þess að lesa og visst úthald - jafnvel til þess að lesa eina bók í heilu lagi. „Ég er ekki viss um að allir hafi það og leiti því í annað - í aðra miðla sem þeim finnst auðveldara að nema. Ef fólk les ekki regluega þá tapast hæfnin smám saman. Þetta er eins og að fara í ræktina. Sá sem hreyfir sig lítið eða ekkert stírnar. Eins er með lesturinn. Allt sem menn rækta ekki fjárlægist. Hugsanlega er þar að finna hluta skýringar þess að lesskilningur virðist fara minnkandi.“

Þurfum að nálgast fólkið á staðnum

Pálína segir bókasöfnin vera hlutlausar stofnanir í samfélaginu og starfa að miðlum upplýsinga til allra óháð stærð þeirra eða stöðu. „Þau eru hluti þeirrar lýðræðismyndar sem samfélagið byggir á. Þau eiga ekki að vera og eru ekki hátimbraðar menningarstofnanir sem miðla myndbrotum menningar eða sinna völdum aðilum. Þau eru allra. Þess vegna er leitast við að ná til allra samfélagsþegna hverjir sem þeir eru og hvar sem þeir búa. Á því byggist sú stefna okkar að koma okkur fyrir og byggja upp starfstöðvar í hverfum borgarinnar. Þótt við búum við góða aðstöðu hér við Reykjavíkurbúðina er langt í frá að við náum þessum markmiðum héðan af hafnarbakkanum. Þetta er eins og með matvörubúðina. Við þurfum að nálgast fólkið á staðnum.“

Breytingar í Grafarvogi og Gerðubergi

Stóru úthverfasöfn á vegum Borgarbókasafnsins eru í Gerðubergi í Breiðholti og

Bæjarins Bestu pylsur



Nú erum við að selja pylsur á Eiðistorgi alla virka daga frá kl. 10:00 - 22:00.

Takk fyrir frábærar viðtökur.

Í Grafarvogi en Kringlan er stærsta úthverfasafnið í útlánun talið. „Þessa dagana erum við að undirbúa flutning á Grafarvogssafninu. Það hefur verið til húsa í kjallara Grafarvogskirkju og er orðið þröngt um það í dag. Oft er mikil umferð við kirkjuna einkum þegar jarðarfir fara fram sem gerir aðkomu að safninu erfiða. Við erum að flytja starfsemi þess í húsnæði sem World Class var áður með í Spönginni og við það stækkar umráðasvæði okkar úr 700 fermetrum í um 1200 fermetra og opnar mikla möguleika í starfseminni. Við erum líka að vinna að miklum breytingum á umgjörð Gerðubergssafnsins. Verið er að taka niður veggja á milli veitingaaðstöðunnar í Gerðubergi og safnsins og móta þannig pláss þar sem fólk getur komið, nýtt sér margvíslega þjónustu safnsins og notið veitinga. Þetta er liður í því sem ég var að tala um þegar breytt hlutverk almenningsbókasafna bar á góma. Að skapa fólki aðstöðu til að koma og láta sér líða vel. Þótt Gerðuberg sé á margan hátt einstakt mennigarhús í borgarhverfi hefur þessa tengingu á milli bókasafns, kaffihússins og menningarmiðstöðina vantað. Lengi vel var ekkert kaffihús í Breiðholti þar sem um 22 þúsund manns búa og kaffiaðstaðan í Gerðubergi hafði með tímanum verið að breytast í einskona mótuneyti. Borgarbókasafn og Menningarmiðstöðin Gerðuberg sameinast um áramótin í eina stofnun og ætlum við að breyta skipuriti safnsins í kjölfarið og stofna deild sem mun sinna viðburðum og fræðslu innan þess ramma sem Gerðuberg starfar sem alhliða mennigarhús.“

Ljóðaslammið – viðurkenning á degi íslenskrar tungu

Borgarbókasafnið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum á undanförunum árum. Viðburðum sem tengjast bókum og lestri en farnar nýjar leiðir við að koma innihaldi þeirra á framfæri. Eitt af því er Ljóðaslammið. Ljóðaslamm – hvað er það? Er það eitthvað sem Baggalútur hefur komið á framfæri? „Nei – með fullri virðingu fyrir þeim hugmyndariku og ágætu strákum þá varð hugmyndin að því til hér innanhúss. Úlfhildur Dagsdóttir sem starfar hér við safnið á þessa hugmynd að nýjum leiðum við ljóðaflutning og orðið kom í framhaldi af því úr hennar smíðu. Við fengum viðurkenningu fyrir Ljóðaslammið á degi íslenskrar tungu sem við erum mjög stolt af.“ En hvað er ljóðaslamm í raun og veru? „Slammið byggir á flutningi ljóða þar sem ýmum tjáningaraðferðum er beitt. Þarna er ekki eingöngu um beinan lestur að ræða heldur

eru unnar nokkurskonar sýningar eða atriði í tengslum við flutninginn. Það er unnið með frjálsa performansa og eina skilyrðið sem flytjendum er sett er að ljóðin séu frumsamin og á íslensku. Þarna er á ferðinni ein hugmynd þess hvernig nýta má tungumálið og koma bókmenntum til fólks með ýmsum hætti. Þarna má nota tónlist og leiklist til þess að móta tjáninguna og fara flestar leiðir innan þeirra takmarka um frumsamið efni á íslensku setja. Ljóðaslammið fór fyrst fram á safnanótt árið 2008 og er orðinn fastur liður í starfsemi safnsins.“

„Orðið er frjálst“

Pálína segir að Reykjavík bókmenntaborg UNESCO tengist Borgarbókasafninu með nánnum böndum. Starfsmaður Borgarbókasafns, Kristín Viðarsdóttir vann að umsókn um að Reykjavík fái að vera bókmenntaborg UNESCO. Hún er nú annar tveggja verkefnisstjóra Bókmenntaborgarinnar. Borgarbókasafn styrkir þetta verkefni og vinnur náið með

dýpri og víðtækari merkingu. Í því felist það frelsi sem felst í hinu talaða orði án takmarkana. Ég hef orðið vör við undrun fólks sem kemur hingað frá samfélagum sem búa við ritskoðun og hana stundum mikla. Þá skilur maður ef til vill betur tilganginn með sem því sem við erum að gera.“

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur á Aflagranda 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega vellíðan.



Réttindi frá British School of Yoga og Yoga studio.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins



Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399

Netfang: gbballett@simnet.is Heimasíða: www.gbballett.is



Til hamingju KR-ingar!

Við óskum KR-ingum til hamingju með bikarmeistaratitilinn í knattspyrnu karla. Landsbankinn er stoltur bakhjarl knattspyrnudeildar KR.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Allt fast á Héðinsreit



Vesturhluti Héðinsreitsins og Héðinshúsið í baksýn. Eins og sjá má er reiturinn notaður fyrir bílastæði. Gamalt malbið er víða brotið upp og reiturinn nánast búinn malarslitlagi.

Fyrir framan Héðinshúsið við Seljaveg við endann á Nýlendingötu er stór óbyggður reitur sem einkum er nýttur fyrir bílastæði. Reiturinn er að mestu búinn malarslitlagi og ekkert hefur verið aðhafst þar árum saman. Á árinu 2008 var fyrirhugað að hefja byggingaframskiptir á Héðinsreitnum eins og hann er jafnan nefndur en í október á því ári skall hrúnið á landsmönnum og ekkert var úr framkvæmdum. Ekki er líklegt að hafist verði handa við byggingar á Héðinsreit í bráð meðal annars vegna óútkljáðra dómsmála sem ekki er úlit fyrir að ljúki fyrir en á næsta ári.

Héðinsreiturinn skiptist í tvennt. Vestur hluti reitsins er í eigu félagsins Héðinsreitar og var

það félag búið að leggja í ýmsa forvinnu vegna byggingaframskiptanna, meðal annars var búið að skipuleggja byggingasvæðið auk þess að gera fjármögnunarsamning við BYR sparisjóð upp á bilinu sex til sjö milljarða króna en byggja átti allt að 200 íbúðir á reitnum. Þegar erfiðleikar fóru að gera vart við sig í rekstri sjóðsins var fjármögnunarsamningnum rift. Héðinsreitur taldi riftunina ekki standast lög og höfðaði mál á hendur sparisjóðnum vegna hennar. Eftir að BYR fór í slitameðferð krafðist Héðinsreitur viðurkenningar á bótaskyldu á hendur slitastjórn og vann það mál í Hæstarétti þar sem riftunin var dæmd ólöglegt og slitabú BYRs bótaskyld. Slitastjórn undi ekki þeim dómi á þeim grund-

velli að ekkert tjón hefði hlotist vegna riftunarinnar. Við það hófust málaferli sem standa enn og ekki talið líklegt að ljúki fyrir en á næsta ári. Gert er ráð fyrir að uppbygging á vestari hluta Héðinsreitsins geti tekið allt að þrjú ár eftir að þær hefjast. Verði farið af stað með framkvæmdir á næsta ári leysist ágreiningsefnin við slitastjórn BYRs gæti þeim lokið á árinu 2018. En þá verður liðin áratugur frá því framkvæmdir áttu að hefjast. Austari hluti Héðinsreits er í eigu félaga sem tengjast Ingunni Wernesdóttur og fleiri aðila. Ekki er kunnugt um hvort einhverjar hugmyndir eru í gangi um að hefja framkvæmdir þar.



Nú er verið að endurnýja gangstéttina við Neshaga.

Nauðsynlegt að upphitunin sé samfelld

Nú stendur yfir vinna við að endurnýja gangstéttina við Neshaga. Um er að ræða aðal-gönguleið barna í Melaskólann og Hagaskólann fyrir þau börn sem búa vestan Hofsvallagötu. Spurning er hvort skoða þarf alvarlega að borgin setji hita í þær stéttir sem eru í alfaraleið og þá einkum og sér í lagi við þjónustustofnanir borgarinnar og við skóla. Það er ekki bara kostnaður fólgin í þessu heldur myndi þetta spara snjómokstur og fækka hálkuslysum. Því liggur á að taka ákvörðun varðandi Neshagann þar sem verið er að vinna í gangstéttunum þar þessa dagana.

Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi tók málið upp í Umhverfis- og skipulagsráði. Vesturbæjarblaðið spurði hann hvað hafi verið um að ræða. Hann sagði að endurskoða þyrfti vinnulagið við þessar framkvæmdir. „Ég vildi ræða um upphitun gangstéttanna í borginni. Það er mikið öryggis-

mál fyrir gangandi vegfarendur að geta komist leiðar sinnar að vetrarlagi þrátt fyrir frosthörkur og hálfu. Sérstaklega er mikilvægt að gönguleiðir barna séu auðar. Við eigum að skilgreina þær leiðir sérstaklega og vinna með borgarbúum að því að gera þær hindrunarlaugar. Með því aukum við öryggi, hvetjum til þess að gengið sé í skólana, minnkum skutlið og spörum snjómokstur. Þetta hefur sem sagt margvíslega kosti. Nú í dag eru gangstéttar upphitaðar þar sem tekist hefur að ná í húseigendur til að fá samþykki þeirra og oft er það einfaldlega svo að fólk gleymir að svara eða er ekki á landinu þegar tilkynning berst. Þetta er tilviljunarkennt og ástæða til þess að endurskoða vinnulagið. Neshagi er einmitt dæmi um gönguleið sem börn nota mikið á leið í skólann og nauðsynlegt að upphitunin sé samfelld,“ segir Júlíus Vífill borgarfulltrúi.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurlíó 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Vesturbæjarblaðið Sími: 511 11 88

HEILGRILLAÐUR GRÍS
CHORIZO
SERRANO
TAPENADE
HUMMUS
SULTAÐUR LAUKUR
MENCHECO OSTUR
OG FLEIRA GÓÐGÆTI

SÆLKERA MARKAÐUR
Á MENNINGARNÓTT
KL. 15-20

Spænskur sælkeramarkaður verður fyrir utan Tapasbarinn á menningarnótt. Á boðstólum verður alls konar spænskt góðgæti, heilsteiktur grís, grilluð spjót og tapas-snittur.


Hljómsveitin **Harmónía Sjarmónía** spilar suðræna tóna kl. 16 og 17. **Spænsk stemning, grill og gleði.**



Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

Puerto de la Cruz

Rómantískur sólaráfangastaður
á norðurhluta Tenerife



Puerto de la Cruz hefur yfir sér rólegt yfirbragð, þar sem gamli og nýji tíminn mætast á mjög sjarmerandi hátt. Við sjávarsíðuna er svo að finna afar fallegan sundlauga- og lystigarð, Lago Martiánes, sem þjónar borginni sem einskönar strandgarður.

☆☆☆

HOTEL MARTE

Verð frá **63.600 kr.**

m.v. tvo fullorðna og eitt barn í tvíbýli með morgunverði.
65.300 kr. m.v. tvo fullorðna.
Ferðatími: 27. ágúst – 3. september

☆☆☆☆

HOTEL BEST SEMIRAMES

Verð frá **100.000 kr.**

m.v. tvo fullorðna og eitt barn í tvíbýli með morgunverði.
110.400 kr. m.v. tvo fullorðna.
Ferðatími: 17.–24. september

☆☆☆☆

HOTEL BEST SEMIRAMES

Verð frá **97.300 kr.**

m.v. tvo fullorðna í tvíbýli með morgunverði.
103.900 kr. m.v. tvo fullorðna.
Ferðatími: 3.–10. september


☆☆☆

HOTEL MARTE

Verð frá **102.600 kr.**

m.v. tvo fullorðna í tvíbýli með morgunverði.
106.300 kr. m.v. tvo fullorðna.
Ferðatími: 19.–27. nóvember

Nánari upplýsingar er að finna á sumarferdir.is

SUMAR  FERÐIR

SALON REYKJAVÍK

PREYTT Á AÐ EYÐA OF MIKLUM TÍMA Í AÐ REYNA AÐ TEMJA HÁRIÐ?
VILT ÞÚ SLÉTT, GLANSANDI OG "FRIZZ" LAUST HÁR
EINS OG JENNIFER ANISTON?

SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN
SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR
MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.
PANNTAÐU TÍMA Í FRÍA RÁÐGJÖF OG LEYFÐU OKKUR SÝNA
ÞÉR HVAD VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞIG OG PITT HÁR

VERTU VELKOMINN
SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 56 85 305
OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA: 8 - 18
LAUGARDAGA: 9 - 13



Gamla höfnin verði áfram atvinnuhöfn

„Að mínu mati er grundvallaratriði að gamla höfnin í Reykjavík fái að lifa um ókomna tíð sem atvinnuhöfn og um það held ég að flestir séu sammála,“ segir Gísli Gíslason framkvæmdastjóri Faxaflóahafnar og formaður Hafnasambands Íslands í spjalli við Vesturbæjarblaðið. Gísli bendir á þá uppbyggingu sem orðið hefur á vegum HB Granda á undanförunum árum sem dæmi um að útvegsstarfsemi sé ekki á förum af hafnarvæðinu.

„Á síðustu árum hefur verið unnið ágætlega að því að festa höfnina í sessi og það birtist okkur meðal annars í áformum og uppbyggingu HB Granda en einnig í þróun Íslenska sjávarklasans í Bakkaskemmuni. Aukin hafnarstarfsemi mun vafalaust einnig birtast okkur í framtíðinni í því að við munum fá inn til hafnarinnar fleiri skip sem tengjast ferðapjónustu. Slippurinn mun fá að lifa á meðan mögulegt er, en vafalaust kemur sá tími að skoða verður hvort hagkvæmt verði að fjárfesta í nýjum mannvirkjum sem tengjast skipaviðgerðum á þessum stað þegar núverandi mannvirki úreldast. Viðhorfin gagnvart þessari starfsemi eru að breytast. Þá vill allmenningur meiri aðgang að ákveðnum svæðum hafnarinnar og við þurfum að finna rétta jafnvægið á milli atvinnusvæðanna og þeirra svæða þar sem almenningur er velkominn. Það er búið að draga línuna varðandi íbúðabyggð og sú íbúðabyggð sem er fyrirhuguð við Mýrargötu mun ekki hafa nein áhrif á hafnarstarfsemi en þeir sem þar koma til með að búa þurfi vissulega að taka tillit til þeirrar starfsemi sem fram fer við höfnina.“

Oliuhöfnin er ekki á förum

Eitt af því sem brennur á mörgum er staða oliuhafnarinnar í Örfirisey og flutningar á eldfimum efnunum um atvinnu og íbúahverfi. Spurning er um hvort einhverja breytinga sé að vænta á starfsemi hennar á næstunni. Gísli segir að aðalskipulag Reykjavíkurborgar til næstu ára geri ráð fyrir að olíbirgðastöðin verði áfram í Örfirisey. „Erfitt er að segja til um hvar ný stöð gæti risið, en hana þyrfti að byggja áður en núverandi stöð yrði aflögð. Það er bísna stórt og dýrt verkefni. Öryggisúttektir og skýrslur um stöðina segja okkur að ef flutningaleiðir lengjast þá eykst áhættan en lang stærsti hluti eldsneytisins sem í stöðina kemur fer á höfuðborgarsvæðið. Verkefnið er að gæta sem best að öryggisþáttum núverandi stöðvar þar til annað verður ákveðið um heppilega staðsetningu.“

Gamla höfnin þarf andrými

Gísli kveðst óhræddur við ákveðna blöndun ólíkrar starfsemi á hafnarvæðinu, en vissulega þurfi að hafa það í huga að íbúðabyggðin færir ekki of nærri atvinnusvæðunum. „Gamla höfnin þarf andrými þannig að atvinnustarfsemin geti þróast og blómstrað. Í dag er unnið að framkvæmdum við göngubrú við Sjóminjasafnið sem mun gera hafnarvæði enn álitlegra fyrir fólk að njóta útiveru og nærveru við höfnina. Á Norðurgarði er mjög skemmtilegt listaverk Ólafar Nordal, auk þess sem vel hefur



Gísli Gíslason framkvæmdastjóri Faxaflóahafna á skrifstofu sinni í Hafnarhúsinu.



Fjöldi fiskiskipa í vesturhöfninni í Reykjavík.



Þorlákur Kristinsson myndlisitarmaður Tolli á tali við reykviskan trillusjómann. Myndin var tekin fyrir nokkrum árum.

verið gengið frá umhverfinu þar í kring. Fólk er vissulega velkommið á hafnarvæðið en gæti allrar varkárni vegna umferðar og aðstæðna. Atvinnulega, sögulega og menningarlega er Reykjavík lífsnauðsyn að viðhalda útvegi og fiskvinnslu við gömlu höfnina.

Reykjavík er eina höfuðborgin í Evrópu þar sem útvegur og fiskvinnsla er í öndvegi og hágæða vara framleidd með nýjustu tækni. Þeirri sérstöðu eigum við að halda og í því eru fólgin verðmæti sem ekki mega glatast.“



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Gömlu Vesturhús í upprunalegt form

Gamli steinbærinn Vesturhús á baklóðinni við Holtsgötu 41 mun væntanlega ganga í endurnýjun lífdaga. Reykjavíkurborg hefur fest kaup á bænum fyrir 14 milljónir króna en borgin átti fyrir helming hússins sem hefur verið friðað. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á steinbænum í gegnum tíðina og byggt við hann eða réttara sagt byggingum hróflað upp í kringum hann en stofn hússins er nokkuð vel varðveittur. Nú stendur til að koma ytra byrði hússins í upprunalegt horf og verður það síðan boðið til sölu sem íbúðarhús.

Vesturhús var byggt árið 1884 og er hluti af tvöföldum steinbæ, Stóra Seli, sem var ein af hjáleigum Reykjavíkur og er eini tvöfalda steinbærinn sem enn stendur. Þar var lengi myndarbýli með allmiklu túni og fyrirtaks útræði, en talið er að þar hafi upphaflega verið sel frá Vík. Selsbæirnir voru alls fimm en auk Stóra Sels standa enn Litla Sel og Jórunnarsel að Vesturgötu 61 en Ívarssel var flutt í Árbæjarsafn. Til Selsbæjanna má rekja elstu byggð vestast í Vesturbænum og af þeim eru dregin örnefni á þessum slóðum.



Holtsgata 41b eða Vesturhús hefur staðið autt á baklóðinni við Holtsgötu 41 um árabil og niðurnýðslan ekki látið á sér standa. En nú mun verða breyting á og bænum komið í upprunalegt horf.

17 steinbæir standa enn

Steinbæir eru sérreikvísk húsagerð sem varð til eftir að menn höfðu lært að höggva grjót til húsagerðar þegar Alþingishúsið var reist árið 1881. Allmargir steinbæir voru byggðir í Reykjavík á árunum 1880 til 1900

og voru það einkum tómtúsamenn sem reistu sér slík íbúðarhús. Talið er að um 130 steinbæir hafi verið byggðir í Reykjavík á þessu tímabili, en samkvæmt könnun Minjasafns Reykjavíkur frá árinu 2010 standa enn 17 slíkir steinbæir.

Mark þjálfun Vesturbær

Nýtt! Mark þjálfun í Vesturbænum.

Líkamsrækt í KR heimilinu með Prekþjálfaranum Mark Kislich.



Hafið samband við Mark hér:

mark@markkislich.com

<http://www.markkislich.com/privatetraining/>
#8655371



Skapandi síðsumar



Viridan - vegan vítamín án "nastís."

Hrein og ómengduð vítamín og bætiefni sem virka.

ENGIN FYRIRSTAÐA!



Manduka jógaðýnur af bestu gæðum!

Ferða- og heimadýnur. 4 tegundir.

NÝ SENDING!



Dr. Bronner stórkostlegu sápunar.

Fyrir þig og þína og þvottavélina. Þú ræður.

NÚ Í STÓRU!



PRANCING LEOPARD: Gullfalleg föt sem hægt er að hreyfa sig í.

360° lífræn, sterk og sanngirnsvottuð.

ÞETTA ER FRAMTÍÐIN!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 5116367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar
Laugardagar

9 - 18
10 - 16

Hverfishátíð í Skerjafirði

Íbúasamtök Skerjafjarðar, Prýðifélagið Skjöldur stendur árlega fyrir veglegri hverfishátíð og fór hún fram sl. laugardag.

Mikið er um að vera þennan dag í hverfinu og hefst hátíðin á kassabílarally fyrir börnin en mikill undirbúningur er hjá börnunum fyrir það og er byrjað snemma sumars á að hanna Kassabíla-ana og prufukeyra þá fyrir rallyið. Börnin skemmtu sér svo í veglegum hoppuköstulum sem var komið upp við Skógarróló og grillaðar voru pylsur sem börnin renndu niður með bestu lyst. Um kvöldið var svo skemmtun og grillað og mikið sungið. Sú hefð hefur skapast að verðlaun eru veitt fyrir best skreytta borðið og bestu bernaisesósuna.



Kassabílarally fyrir um daginn.

Endurnar hverfa verði ekkert að gert

Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands segir að endur eiga verulega erfitt uppdráttar á Reykjavíkurtjörn og ljóst að flestar andartegundir muni deyja út ef ekkert verði að gert.

Sex andartegundir verpa á Tjörninni en þar af eru þrjár við það að deyja út; duggönd, gargönd og æður. Ástæðurnar eru margar, til dæmis afrán frá hrafn og köttum, mávar gleypa síðan unga, varpland skreppur saman í Vatnsmýrinni og svo er fæðuskortur og samkeppni við aðgangsharða mávana erf-

ið. Gleðitíðindin er þó þau að urtönd hefur orpið á Tjörninni en það er í fyrsta sinn sem það gerist. Hún er þó árlegur gestur þar að vetrartíma. Ólafur Karl segir þó að helstu gleðitíðindin séu þau að borgaryfirvöld hafi látið af afskiptaleysisstefnu sinni í þessum málum en hún myndi ganga af þessu fuglalífi dauðu. Þessi nýja stefna birtist til dæmis í því að þrjátíu æðarungum var sleppt í Vatnsmýrinni í sumar og er fæði komið til þeirra nú, þótt markmiðið sé að þeir lifi sem villtir fuglar í framtíðinni.



Sigríður Ragna Sigurðardóttir og Frosti Heimisson.



Heba Helgadóttir, Dagur Fróði Kristjánsson, Brynja Halldórsdóttir og Stefni Kristjánsson.



Ingibjörg H. Valsdóttir, Heba Helgadóttir og Marta Guðjónsdóttir.


Rauða ljónið
 síðan 1989

**HEITUR MATUR
 Í HÁDEGINU
 OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

*Vellídan á Snýrtistofunni
 Eíðistorgi*



er ómissandi í lífinu

551 23 23

Langþráð Kaffihús Vesturbæjar að opna

„Hugmyndin að því að opna kaffihús hér vaknaði einhverju sinni þegar ég átti leið í apótekið og sá hversu plássíð var illa nýtt. Við Pétur fórum svo á fund forráðamanna þess og viðruðum þessa hugmynd okkar og út frá því var ákveðið að skipta plássiinu upp,“ segir Gísli Marteinn Baldursson sjónvarpsmaður og fyrrum borgarfulltrúi þegar tíðindamaður hittir hann og Pétur Hafliða Marteinnson athafnamann og fyrrum knattspyrnumann á stéttinni fyrir utan gamla Vesturbæjarapótekið á dögnum. „Hér er ekkert nema iðnaðarmenn og ryk þannig að þú verður að koma og fá betra kaffi þegar við erum búnir að opna“ sagði Pétur en Margrét Marteinsdóttir, systir hans og góðkunn fréttakona af RÚV mun standa í stafni á nýju kaffihúsi sem bráðlega verður opnað í hluta húsnaðisins þar sem Vesturbæjarapótek var frá því á sjötta áratugnum. „Margrét systir verður vertinn og andlit staðarins,“ segir Pétur.

Þeir Gísli Marteinn og Pétur eru báðir Breiðhyltingar en hafa fyrir löngu fært sig vestur á bóginn og búa á Melunum. Með þessu framtaki eru þeir að auka enn við það sem einkenna mun miðjuna á Melunum. Nútímalegt kaffihús beint á móti Vesturbæjarlaug og Melabúðinni. „Okkur hefur lengi fundist vanta kaffihús í Vesturbæinn. Kaffi Tár er reyndar í Þjóðminjasafninu en er aðeins í útjaðri þessarar melamiðju sem oft er talað um og síðan er það bara háskólakaffihúsið eða Háma og Norrænahúsið út í Vatnsmýri. Það hefur enginn ráðist í þetta áður þannig að okkur fannst tími kominn til þess að drífa í því,“ segir Pétur. Gísli Marteinn segir að kaffihús af þessari gerð rými vel við þá þróun sem er að verða í skipulagsmálum. „Fólk vill fá meiri nærþjónustu inn í hverfin og við hér á Melunum stöndum nokkuð vel að vígi í því efni miðað við marga aðra. Í nýja aðalskipulaginu fyrir Reykjavík er eitt af meginnmarkmiðunum að gera hverfin sjálfbærari og fólk geti sinnt fleiri erindum sínum innan hverfis en nú er. Það gerir búsvæðin líka öruggari að ógleymdum sparnaði og betra andrúmslofti sem hlýst af minni bílaumferð.“

Barnafólk, háskólaþólk, laugargestir og allir hinir

Þeir Gísli Marteinn og Pétur Hafliði hyggjast hafa langan opnunardag. Byrja snemma á morgnana og hafa opið til klukkan 10 eða hugsanlega 11 á kvöldin. Þeir taka skýrt fram að þrátt fyrir vinnveitingaleyfi þá eigi þetta ekki að breytst í bar á kvöldin. „Við ætlum ekki að reka þetta sem kaffihús á daginn og hverfisráð á kvöldin. Það er alveg öruggt. Við viljum alls ekki að þessi starfsemi skapi ónæði fyrir íbúana hér umhverfis okkur heldur á staðurnum þvert á móti að verða þeim til ánægju og auka lífsgæði allra sem búa hér í grenndinni.“ Þeir ætla sér að búa til morgunstemningu þar sem áhugasamir og árrisulir Vesturbæingar og aðri geti hist yfir kaffi áður en þeir halda til vinnu. „Þeir sem fara snemma í Vesturbæjarlaugina geta síðan labbað yfir til okkar og fengið kaffi og nýbakað eftir sundið. Svo er líka fólk sem vill ekki þurfa að fara úr hverfinu þótt það langi í kaffisopa og hitta annað fólk,“ segir Pétur.

Margir vildu draga úr hraða á Hofsvallagötu

„Svo er líka ungt fólk með börn. Ef til vill fólk í fæðingarorlofi og af hverju á það ekki að geta farið út með krílin sín og hitt annað fólk og önnur lítil kríli,“ heldur Gísli Marteinn áfram. „Við það má svo bæta að háskólasamfélagið er hér í grenndinni. Háskóli Íslands hefur afnot af tveimur húsum hér í næsta nágrenni. Húsinu við Nes-hagann sem lengi hósti Menningarmiðstöð Bandaríkjanna og svo Haga sem oft var kennt við Coca Cola því Vífilfell var þar til húsa – fyrst með alla starfsemi sína en síðar skrifstofu. Nú er líka búið að laga svæðið í kringum Vesturbæjarlaugina, gera torg og göngustíga þannig að það er orðið mun betra útivistarsvæði,“ segir Gísli Marteinn. Hofsvallagatan er vinsælt umræðuefni í Vesturbænum og einkum á Melunum. „Nú hefur verið ákveðið að bíða með frekari breytingar á henni til næsta sumars og undirbúa þær betur. En hvað sem fólk vill segja um götuna og þær framkvæmdir sem unnar voru á síðasta ári þá má

heldur ekki gleyma því að margar íbúar í nágrenninu voru búnir að láta í ljós óskir um að dregið yrði úr umferðahraða um götuna. Um þá útfærslu sem unnið var eftir í fyrra má auðvitað deila en ætlunin er að endurgera götuna alla á næstu árum. Við erum þess fullvissir að sú framkvæmd mun gera götuna enn betri fyrir hverfið, umferðahraða verði haldið niðri, gatan verði fallegra og aðgengi að Melabúðinni, Vesturbæjarlauginni, apótekinu og okkur verði betra.“

Orðsþorið frá manni til manns

En kaffihúsið sjálft. Morgunkaffi en ekki krá. „Já það er rétt,“ segir Pétur. „Við verðum með kokk á staðnum og ætlunin er að galdra fram ljúfar veitingar í hádeginu og á kvöldin. Við verðum með léttari rétti í hádeginu en bjóðum upp á einfaldan en metnaðarfullan matseðil á kvöldin. Við ætlum að reka þetta á lífrænni og umhverfisvænni stefnu og kaupa



Þar sem fólk gat áður sótt lyfin sín verður brátt opnað Kaffihús Vesturbæjar. Lyfin verða þó ekki langt undan því apótekið fæstist aðeins um set og verður opnað á nsetu dögum í norðurenda hússins. Í næstu dyrum við gamla innganginn.

beint frá býli eins og hægt verður. Við búum öll hér í nágrenninu svo þetta verður alveg í túninu heima. Framkvæmdirnar hafa gengið vel, en kannski ekkert mjög hratt,“ bætir Gísli Marteinn við brosandí, „en við höfum verið að vinna þetta að miklu leyti sjálf. Við erum kannski ekki vönustu verkamennirnir en foreldrar og fjölskyldur hafa verið dugleg við að hjálpa svo og vinir og kunningjar. Apótekarinn hefur verið ótrú-

lega skilningsríkur en apótekinu var lokað meðan á breytingunum hefur staðið og allt innréttað að nýju. Við vonumst til að geta opnað upp úr næstu mánaðamótum og markaðssetningin verður einkum í gegnum fasta og góða kúna. Orðsþorið verður að berast frá manni til manns. Góðir hlutir spyrjast hratt út í Vesturbænum, enda fólk hér jákvætt með eindæmum!“

HEIMSENDINGAR TILBOÐ

Stór pizza með 2 áleggstegundum, 2l. gos, stór brauðstangir og sósa 3250 kr

Miðstærð pizzu með 2 áleggstegundum, 1l. gos, lítill brauðstangir og sósa 2850 kr

Pantaðu stóra pizzu af matseðli og 2l. gos, og þú færð litlan skammt af brauðstöngum og sósu með

TVENNUTILBOÐ SÓTT

Kauptu stóra pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og fáðu aðra pizzu sömu stærðar að auki

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓTTUM PIZZUM

Gildir ekki með öðrum tilboðum, 30" partypizzum eða heilsubökum

ÁLEGG Á PIZZUR

Lítill pizza: 190 kr
Miðstærð pizza: 290 kr
Stór pizza: 420 kr

MEDLÆTI

Brauðstangir
Lítill skammtur: 650 kr
Stór skammtur: 750 kr
Ostabrauðstangir: 950 kr
Brauðstangasósa: 170 kr
Hvítlauksolía: 170 kr

BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR

1090 kr
GOS
1/2 L. í dós: 270 kr
1/2 L. í plasti: 270 kr
1 L. í plasti: 299 kr
2 L. í plasti: 399 kr

FRANSKAR KARTÓFLUR

Lítill 450 kr
Stór 850 kr



Hringbraut 119 REYKJAVÍK

S. 562 9292



S. 562 9292

HEILSU BÖKUR

Pizzubotnar úr heilkornahveiti

Í botnunum okkar er enginn sykur. Við notum aðeins fyrsta flokks heilkorna hveiti og íslenskan ost í allar okkar bökur. Hverri heilsuböku fylgir ferskt rucola salat og jógúrtsósa.

Mílanóbaka: Kjúklingur, rauðlaukur og döðlur - 2490 kr

Humarbaka: Hvítlauksbakaður humar og sólblómagrafæ - 2590 kr

Sjávarréttabaka: Rækjur, kræklingur og hvítlaukur - 2590 kr

Parmabaka: Parmaskinka og Camembert - 2490 kr

Grænmetisbaka: Sveppir, paprika, rauðlaukur, ólífur og fetaostur - 2490 kr

Hafðu það hollara og betra!



Átt þú gamalt hús sem þarf að gera við - hvar á að byrja?



Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa.

Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga kl. 15 - 17 og á sama tíma í síma 411 6333.

HÚSVERNDARSTOFA



IDAN fræðslusetur

Miklar fjárfestingar í Miðborginni

Gert er ráð fyrir miklum fjárfestingum í byggingum í Miðborg Reykjavíkur á næstunni. Rætt er um tölur frá um 70 milljörðum króna upp í allt að 100 milljarða í því efni. Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Hörpureitnum sem er með stærstu byggingasvæðunum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar en framkvæmdir eru einnig fyrirhugaðar víðar.

Þetta er ný þróun í byggingarmálum þar sem gert er ráð fyrir minni framkvæmdum í ytri hlutum borgarinnar og á jöðrum hennar en framkvæmdir hafa einkum einkennst af byggingum þar á undanförunum árum. Nú þegar er hafin vinna að undirbúningi stórra verkefna á miðborgarsvæðinu og ætlunin er að endurhanna og byggja fleri reiti upp eða á næstu árum. Gera verður ráð fyrir að miðborg Reykjavíkur taki miklum breytingum vegna tugmilljarða fjárfestingar í íbúðum og hótélum á næstu árum. Einnig er ljóst að spennan getur myndast á byggingarmarkaði og umræddar stórfamkvæmdir því haft áhrif á byggingarkostnað á öðrum svæðum á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel víðar og einnig á vinnumarkaðinn þar sem skortur er að verða á sérhæfðu byggingarfólki. Á árunum eftir síðustu aldamót og fram til ársins



Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Hörpureitnum.

2007 streymdu erlendir bygginga- og verkamenn hingað til lands í leit að vinnu sem vissulega var auðfengin. Spurning er um hvort sú saga eigi eftir að endurtaka sig að einhverju leyti. Tvennt gæti þó dregið úr því. Annars vegar er erfitt að fá húnsæði fyrir erlent vinnuafl sem stendur og gjald-eyrishöft gera erlendu starfsfólki erfitt um vik að flytja laun

til heimalands síns þar sem þau yrðu greidd í íslenskum krónum. Hvort þetta á eftir að hafa áhrif á framkvæmdaglegðina eða dreifa framkvæmdum á lengri tíma en áætlanir gera ráð fyrir verður framtíðin að leiða í ljós.



Birna með strákunum í Pollapönk fyrir Kaupmannahafnarferðina á liðnu vori.

Mikið að gera hjá Dansskóla Birnu Björns

Mikið hefur verið um að vera hjá Dansskóla Birnu Björns. Á síðustu önn var hin árlega danskeppni Dansfárið haldið en yfir 100 nemendur tóku þátt. Nemandasýningar skólans voru í Borgarleikhúsinu og þemað var Ævintýri. Allir nemendur tóku þátt í þessari fögru og glæsilegu sýningu.

Sögumaður sýningarinnar var Selma Björnsdóttir og má segja að þetta hafi verið mikil leikhúsupplifun fyrir gesti og nemendur. Birna fór í Eurovision með Pollapönk og sá um sviðshreyfingar þeirra á sviðinu í Kaupmanna-

höfn. Þann 17. júní voru margir nemendur skólans að dansa á stóra sviðinu á Arnarhóli. Þeir dónsuðu m.a. með Gunna og Felix. Nemendur og kennarar skólans tóku þátt í Ball out of hell stórtónleikum í Hörpu. Núna í haust opnaði skólinn glæsilega nýja vefsíðu. Þar má sjá myndir úr starfi, upplýsingar um dansnámið, kennarara, stundarskrá ofl skemmtilegt. Á döfinni er síðan dansworkshop – Hrekkjavökuvika – jólasýning – danskeppni og margt fleira skemmtilegt.

Matur og vín:

RÉTTUR MÁNAÐARINS

Grilluð kjúklingaspjót satay

1 kg kjúklingalundir eða bringur skornar niður. Látið marinerast í 100 ml af kókosmjólk og 1 msk turmerik í a.m.k. Klukkustund. Gott er að láta spjótin / grillpinnana liggja í vatni áður en kjúklingurinn er þræddur upp á þau.

Satay sósa –

hægt að gera fyrirfram og hita upp áður en borið er fram
150 g hnetusmjör
1 msk soya sósa
1 msk sykur
1 ts chilliflögur
1 tsk ferskt engifer smátt saxað
1 tsk hvítlaukur smátt saxað
1 tsk fiskisósa
150 ml kókosmjólk
Safi úr einni límónu

Allt hráefni er sett í pott hitað að suðu og látið malla við miðlungs hita þar til sósan er farin að þykkna, u.þ.b. 10 mín. Borið fram með hrísgrjónum og fersku salati

Uppskrift fyrir 4



Réttur mánaðarins

Rétt mánaðarins leggur til Þorvaldur Egilson sem hefur langa og góða reynslu í eldamennsku þar sem hann hefur annast matreiðslu meðal annars á Hótel Gíg, KEA Akureyri auk þess sem hann starfrækti Hreðavatnsskálann í ein 8 ár þar sem margir rétta hans nutu mikilla vinsælda.



Við mælum með effirfarandi víni við þennan rétt:




Mamma Piccini rauðvín – 75 cl – 1.590 kr – Ítalía / Toskana

Kirsuberjaraut, meðalfylling, þurr, ferskt, miðlungstanninn. Skógar ber, lyng, vanilla.

Mamma Piccini hvítvín – 75 cl – 1.590 kr – Ítalía / Toskana

Sitrónugulit. Létt fylling, þurr, ferskt. Ljós ávöxtur, sitrus, steinefni.

KR-ingar til hamingju með bikarmeistaratitilinn 2014



Sumarferðir flytja í Örfirisey

Sumarferðir fluttu starfsstöð og söluskrifstofu sína úr Hlíðasmára í Kópavogi út í Örfirisey fyrir nokkru og er starfsemin nú rekin frá Fiskislóð 31. Einhverjum kann að finna nýja staðsetningu furðulega og telja að ferðaskrifstofa þurfi að vera meira í alfaraleið. „Sannleikurinn er sá að fjöldi fólks á leið um Fiskislóðina á hverjum degi. Stórar verslanir og fjölmörg önnur fyrirtæki eru staðsett í þessu nýja miðbæjarumhverfi vestast í Vesturbænum segir Kristbjörg Kristjánsdóttir vörumerkjastjóri Sumarferða.



Kristbjörg Kristjánsdóttir vörumerkjastjóri Sumarferða.



Sumarferðir eru fluttar að Fiskislóð 31.

færum sem stöðugt eru að bjóðast víða um heim.“

Fólk heldur áfram að koma

Kristbjörg segir að þrátt fyrir þessar breytingar á starfsumhverfinu haldi fólk áfram að koma á söluskrifstofuna. „Það kemur til þess að spyrjast fyrir, kynna sér ferðamöguleikana sem eru í boði og til þess að spjalla. Margir koma aftur og aftur – eru orðnir fastakúnnar ef svo má segja og á það ekki síst um fólk sem kys að fara til suðrænna landa oft kallaðra sölurlanda til þess að njóta veðurbliðu og rólegheita. Svo er líka mikið hringt hingað til þess að spyrjast fyrir og kynna sér hvað er í boði. Við leggjum mikið upp úr því að þekkja okkar viðskiptavini og veita þeim góða þjónustu. Myndakeppni Sumarferða á facebook er gott dæmi um það. En í þeim leik hvetjum við viðskiptavini okkar til að senda okkur ábendingar og fallega mynd úr ferðinni sinni sem við getum bætt í myndalbúm Sumarferða. Myndakeppnina má finna á facebook síðu Sumarferða sem og á vefsíðunni www.sumarferdir.is.

Tvö flug í viku til kanarí og Tenerife í vetur

En hvað er einkum verið að selja þessa dagana? „Við leggjum okkur fram við að höfða til sem flestra og á sumrin og haus-

tin bjóðum upp á ferðir til Miðjarðarhafsins á fallegar strendur víða á Spáni og á Marmaris á Tyrklandi. Ferðirnar okkar henta fólki á öllum aldri og ekki síst fjölskyldufólki. Í vetur ætlum við að leggja áherslu á Tenerife og Gran Kanari sem oftast eru kallaðar Kanaríeyjar í daglegu tali,“ segir Kristbjörg. „Fólk er þegar farið að bóka og kaupa ferðir fyrir veturinn svo munum við að flýja tvisvar í viku til Kanaríeyja frá og með miðjum janúar mánuði. Síðasta vetur buðu Sumarferðir á Tenerife enn nýjung þegar gistasamningar voru gerðir við hótél í höfuðborginni Santa Cruz annarsvegar og Puerto de la Cruz hinsvegar. Báðir þessir áfangastaðir eru á norðurlhuta eyjunnar og er skemmtileg viðbót sem eykur á fjölbreytnina. Svo megum við ekki gleyma „heldriborgaraferðunum“ okkar sem farnar eru haust og vor í fararstjórn Jennýar Ólafsdóttur. Við höfum verið svo lánsöm með þessar ferðir og þær svo vel heppnaðar að fólk fer ár eftir ár með Jenný sem er einstakur fararstjóri. Það eru um 150 manns að fara núna í september og ferðin löngu uppseld.“ Kristbjörg segir mikla og vaxandi þörf fyrir slíkar ferðir. „Þessi góði þjóðfélagshópur er að stækka og fólk sem er margt hvert vant að ferðast nýtur félagskap hvors annars og finnst notalegt að dvelja um tíma í hlýju umhverfi og góðu yfirlæti.“



NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN

ALMENN NÁMSKEIÐ:

KVÖLD- OG MORGUNTÍMAR
KENNSLA HEFST 10. SEPTEMBER

TEIKNING

Teikning 1	Módelteikning
Teikning 2	Módelteikning, framhald

MÁLUN

Málun 1	Frjáls málun
Málun 2	Vatnslitun
Málun 3	Vatnslitun og teikning
Málun framhald	

KERAMIK

Leirkerarensla	Gifsmótagerð
Leirmótun og rennsla	

ÝMIS NÁMSKEIÐ

Litaskynjun	Textílteiknun
Gróðurhús hugmyndanna	Silkiprykk / textílprykk
Íslensk listasaga	



NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG

UNGT FÓLK: KENNSLA HEFST 12. SEPTEMBER

4 - 5 ÁRA

Myndlist	Þriðjudaga / föstudaga / laugardaga
----------	-------------------------------------

6 - 9 ÁRA í JL-húsinu og Miðbergi, Breiðholti

Myndlist	mánudaga / þriðjudaga / miðvikudaga fimmtudaga / föstudaga / laugardaga
----------	----------------------------------------------------------------------------

8 - 12 ÁRA

Leirrennsla og mótun	Leirrennsla og skúlptúr
----------------------	-------------------------

10 - 12 ÁRA í JL-húsinu og Miðbergi, Breiðholti

Teikning - málun - grafík	Videó og hreyfimyndagerð
Teiknileikni	Myndasögur
Myndlist	

13 - 16 ÁRA

Teikning - málun - grafík	Vöruhönnun og leir
Teikning	

Skráning á

www.myndlistaskolinn.is
og í síma: 551 1990

MYNDLISTASKÓLINN

Í R E Y K J A V Í K

20% FRAMHALDSSKÓLAFLÁTTUR
NÁMSKEIÐIN ERU STYRKHÆF HJÁ FLESTUM STÉTTARFÉLÖGUM



Nesstofa

- Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlæknisembættið sem stofnað var árið 1760.

Opið daglega frá
14. júní - 31. ágúst
kl. 13-17.

Nesstofa er hluti af húsasafni
Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar:
í síma 595 9100 eða 530 2200
www.thjodminjasafn.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Til hamingju Vesturbæingar!

Þeim sem eru enn ekki búnir að jafna sig eftir
að titillinn var í höfn er bent á heilsumælingu
sem Lyf & heilsa JL-húsinu bjóða upp á.

Við mælum:

Blóðprýsting
Blóðsykur
Blóðfitu

Ekki bíða lengur – komdu í heilsumælingu!

OPNUNARTÍMAR
08.00–22.00 VIRKA DAGA / 10.00–22.00 HELGAR
lyfogheilsa.is

 **Lyf & heilsa**
JL-húsinu

Bernskuminningar úr Vesturbænum

Árið 1953 fluttist ég að Vesturgötu 53b fimm ára gömul með foreldrum mínum, hjónunum Fjólu Jósefsdóttur heimavinnandi húsmóður og Eypóri Magnúsi Bæringssyni verslunarmanni og systkinum mínum, Sigtryggi Rósmar og Þóreyju. Einnig flutti móðurafi minn Jósef Þorsteinsson og ráðskona hans Ingibjörg Brandsdóttir með okkur þangað. Ég er yngsta barnið, fimm árum yngri en systir mín og sjö árum yngri en bróðir minn. Þegar ég fæddist leigðu foreldrarnir litla íbúð á Rauðarárstíg, en við fluttum fljótlega að Skipasundi 51 þar sem pabbi byggði hús, en varð alltaf að selja hverja hæð sem byggðist til að geta haldið áfram með húsið og seldi síðan allt.

Vesturgatan er gatan mín

Segir Hildur G. Eypórsdóttir bókasafnsfræðingur sem að þessu sinni rifjar upp bernskuna fyrir Vesturbæjarblaðið.

Húsið Vesturgata 53b sem pabbi keypti var gamalt rautt bárujárnsklætt timburhús, hæst í miðjunni með tveimur viðbyggingum sitt hvorum megin við aðalhúsið. Þar voru í raun þrjár íbúðir, kjallari og önnur viðbyggingin gat verið hvað sem var, geymsla eða skrifstofa. Þetta var ansi mikil breyting hjá okkur að koma úr nýju húsi í eldgamalt, þar þurfti svo sannarlega að taka til hendinni.

Við systkinin vorum nú misspennt fyrir þessum flutningum. Ég var ánægðust og festi strax rætur, enda hafði ég ekki tengst Skipasundinu neitt sérstaklega, sem þau höfðu aftur á móti gert. Þegar við fluttum vorum við systurnar með rauða hunda og þurftum að vera inni og ég man ennþá hvað það var erfitt, því okkur langaði svo að kanna umhverfið strax og vorum svo forvitnar að sjá aðstæður þarna. Eftir á að hyggja hafa þessir flutningar samt verið erfiðir fyrir mömmu því þrengslin voru mikil, þótt í heildina væru margar vistarverur, enda voru þær nær strax fylltar af fólki. Í húsinu voru samtals átta börn hjá þremur fjölskyldum. Fyrir utan okkur í vestur-enda var einstæð móðir með barn á efri hæð í miðhúsinu, ásamt afa og ráðskonu og á neðri hæðinni var einstæð móðir með fjögur börn.

Margir krakkar

Allt í kringum okkur voru margir krakkar, við Ránargötu, Framnesveg og Vesturgötu. Þarna eignaðist maður góða leikfélaga. Við vorum mjög mikið í alls konar boltaleikjum. Fórum í Yfir við skúrinn á Framnesvegi 1 og í Fallin spýtan. Eins var stundum farið í Hlaupið í skarðið, Bim-bam-bim-bam, bimbirimbirimbam, snú-snú og svo í ýmsa eltingaleiki á vorin, sumrin og haustin, en á veturna vorum við meira inni við eða í snjóboltaleik þegar þannig viðraði.

Okkur krökkunum þótti mjög gaman að ganga út í Örfirisey til að leika okkur



Handofið veggteppi af Eyþóri Magnúsi Bæringssyni og Vesturgötu 53b unnið af Kolbrúnu Hlöðversdóttur árið 1980.

þar. Þá tókum við með teppi og nesti, sem oftast var gosflaska full að mjólk með korktappa og brauð eða kex með. Þarna gátum við dvalið lengi við leiki eða verið að horfa á skipin koma og fara eða bara að glápt á karlana vinna við netaviðgerðir eða að beita.

Reyndar var ég á tímabili með skólalald heima hjá Mjöll Snæsdóttur sem bjó þá á Seljavegi og er yngri en ég. Þar vorum við kennari og einn nemandi og héldum mjög alvarlegt skólalald með tilheyrandi kennslustundum og fræðslu og einnig með frímínútum og nestistíma. Ekki mátti heldur gleyma að gefa nemandanum lýsistöflu daglega. Ég man nú ekki hve lengi við héldum þetta út, en höfðum mikla ánægju af og líktum eftir almennu skólalaldi eins og hægt var.

Rúnkabúð og mótuneyti

Fyrstu árin okkar á Vesturgötu voru tvö lítil steinhús gegnt húsinu, auk þess var og er steinbær á horni Vesturgötu og Bakkastígs. Í fyrstnefnda húsinu hafði meðal annars Runólfur Ívarsson eða „Rúnki“ eins og hann var kallaður litla verslun, sem við krakkarnir nefndum „Rúnkabúð,“ þar sem allt milli himins og jarðar fékkst. Hann var geysivinsæll kaupmaður á horninu, hæglátur og liðlegur í viðskiptum og vissi trúlega allt um alla í hverfinu. Hjá honum var hálfgerft félagsheimili, þótt húsakynninn væru afskaplega lítil. Hann flutti síðan verslunina árið 1959 á Framnesveg og nefndi hana Vegurinn, þegar litla steinhúsið var rífið og farið var að byggja húsið sem nú stendur á Vesturgötu 52. Í hinum síðarnefndu húsunum voru svokölluð mótuneyti, sem voru mjög algeng á þessum tíma. Þarna bjuggu konur sem unnu fyrir sér með því að hafa kostgangara svo það var alltaf heilmikil umferð af fólki um götuna. Í mínum augum voru þetta mest einstæðir sérviskulegir karlar sem keyptu matinn hjá þeim og margir komu jafnvel tvisvar á dag, í hádegis- og kvöldmat og fengu sumir nesti með sér fyrir kaffitímann og morgunmatinn. Ég kynntist engum þeirra neitt að ráði, en tók samt eftir þeim, því þeir settu svip sinn á umhverfið. Hitt steinhúsið vék svo síðar fyrir viðbótar blokkarbyggingu á þessum stað.



Fjóla Jósefsdóttir og Eyþór Magnús Bæringsson í borðstofunni á Vesturgötu 53b árið 1966.



Tólf ára bekkur í 1960-1961 í Melaskóla. Hildur er þriðja frá vinstri í sitjandi röð fremst.

Íbúðabyggð og atvinnusvæði

Vesturgatan og næsta nágrenni var mjög mannmargt á þessum tíma enda bjó fólk miklu þrengra en í dag. Annað var einkennandi fyrir umhverfið að það var ekki bara íbúðabyggð, heldur líka atvinnusvæði. Þarna var Vélsmiðjan Héðinn á Seljaveginum með marga í vinnu og svo Hraðfrystistöðin í Reykjavík fyrir neðan Mýrargötu á mótis við Seljavegin og Daníelsslippur fyrir neðan Mýrargötu á mótis við Bakkastíginn og allt þetta skapaði umferð fólks.

Snemma að vinna

Við hlið okkur á Vesturgötu 53 bjó Ólafur Guðmundsson með Gunnhildi konu sinni og einnig bjó þar systir hennar Steingerður. Hann átti og rak Efnalaug Vesturbæjar í lágri og langri byggingu sem var bak við húsið og snéri gallinum inn á okkar lóð. Þarna var ég mjög oft að sýsla og kynntist mörgu góðu fólki sem vann þar. Mér er minnstæðust hún Kalla, sem leyfði mér að vinna hjá sér við að hreinsa buxnavasa í þar til gerðri vél. Þarna stóð ég keik við vélna og hélt buxnavasanum að burstanum og fannst ég feikna dugleg að vera að vinna við vél- ar og hagsaði að svona væri að vera full-orðin.

Í raun og veru fór ég óvenju snemma að vinna, því ég fór í fyrsta barnagæslustarfið sjö ára og var það við Hagamel, en móðirin átti rætur við Framnesveginn og tengdist Wolfgang vini mínum. Þarna var ég að passa heima litinn dreng í tvo-þrjá klukkutíma í einu nokkrum sinnum í viku. Ég kunní starfinu mjög vel, ekki skemmdi fyrir að þegar bróðir minn var fermdur gat ég sjálf keypt mér finan sparikjól í Kjólábúðinni Eros við Hafnarstræti, en mamma fór með mér að velja hann.

Ég tók að mér annað barnfóstrustarfi eitt sumarið en það var í nýju blokkinni á móti og þar passaði ég stúlku, Kristínu að nafni, en annað foreldrið var frá Ameríku. Foreldrarnir reyndust mér vel og það var mikið fjör á staðnum. Þarna kynntist ég



Leikfélagarnir Hulda, Bryndís og Hildur sitja á tröppum hússins þar sem Bryndís bjó við Framnesveg 7, sem er á horni Framnesveg og Ránargötu.

ýmsu nýju eins og partyhaldi og framhjálald sem leiddi til skilnaðar. Eg gleymi ekki hvað mér fannst margt framandi hjá þeim bæði í heimilishaldi og hegðun og í minningunni finnst mér eins og þau hafi haft vinnukonu einhvern hluta af vikunni. Það var nokkuð öðru vísi heimilishald en í húsinu á móti, en allt sem maður upplifir mótir mann á einn eða annan hátt og gerir mann að þeirri manneskju sem maður er.

Porgy og Bess

Í þessu sama húsi bjó um tíma leikfélagi minn, Þorbjörg, sem var dóttir Björns Ólafssonar og Kolbrúnar. Ég gleymi ekki þegar hún gaf mér páfagaukapar, sem

hún hafði skírt Porgy og Bess eftir samnefndum söngleik. Þótt þau lifðu nokkuð lengi breytti ég aldrei nafni þeirra. Í litlu íbúðinni okkar í stóra húsinu fór nú frekar mikið fyrir þessum fuglum, en mamma leyfði mér samt að hafa þá þótt mikið þyrfti að þrifa í kringum þá. Þarna í húsinu bjó líka María tollvarðardóttir sem gaf mér sitt servéttusafn sem varð til þess að ég átti stærsta safnið í götunni og naut þess þangað til áhuga-sviðið breyttist og ég gaf safnið frá mér. Ég safnaði líka leikaramyndum og voru Gina Lollobrigida og Sophia Loren uppáhaldsleikkonurnar og átrúnað-argoðin.

Lengi vel var ég að sendast í búðir fyrir hana Steinu á Bakkastígnum og jafnvel að hjálpa henni að taka til. Það var gaman að ræða við hana og ég lærði ýmislegt til húshalds hjá henni, sem varð mér til gagns síðar á ævinni. Þegar ég hugsa til baka þá man ég eftir svo mörgu fólki í nágrenninu sem ég kynntist ágætlega. Þá kemur mér í hug Eyborg Guðmundsdóttir sem var svo blíð og ljúf manneskja. Hún gaf mér ógleymanlegan dúkkunífaparakassa frá útlöndum. Ég átti þessa gjöf lengi, þótt ég væri löngu hætt að leika mér með hana, því það var ekki á hverjum degi sem ég fékk eitthvað á þessum tíma frá útlöndum. Eins eru mér minnisstæð hjónin, Valtýr Pétursson og kona hans, Herdís Vigfúsdóttir því inni hjá þeim var allt öðru vísi en inni hjá okkur í hornhúsinu. Kannski meira eins og er inni hjá mörgu fólki í dag, dálítið eins og það sem kallað er skandinavískur still, létt, ljóst og hjart, en líka jafnvel einhvers konar naumhyggja nútímans, sem ég kundi auðvitað engin skil á. Þessi þrjú síðastnefndu bjuggu öll í háu steinhúsi sem er sambyggt Vesturgötu 53. Allar upplifanir bæta við reynslubankann og gera það að verkum að heimurinn opnast æ meira fyrir manni og mér finnst ég hafa lært heil ósköp af að kynna mörgu fólki í æsku, þótt aðeins séu nefndir fáeinir hér.

Þvottadagar

Þegar ég var að alast upp á Vesturgötunni þá hafði mamma ákveðna þvottadaga. Þvotturinn var soðinn í stórum þvottapotti og síðan var hann settur í þvottavél og þar var hægt að vinda þvottinn. Þvotturinn var síðan hengdur út til þerris eða á snúrurnar í þvottahúsinu og þegar hann var orðinn þurr þá notaði mamma rullu til að slétta þvottinn.

Mér fannst þessir þvottadagar skemmtilegir því þá var oft eitthvað fljótlegt í matinn eins og Ora fiskibollur úr dós í karrýsösu. Það var uppáhaldsmaturinn minn á þessum tíma. Þá borðaði ég ekki tómatösu því ég taldi að hún væri vond. Það var ekki fyrr en ég varð unglingur og að passa hjá frænku minni, að á borð var borið Spaghettí Bolognese, hakk með tómatösu og spaghettí. Þá neyddist ég til að láta mér hana til munns og vitið menn mér fannst hún bara góð og hef síðan borðað tómatösu, eins og ekkert væri.

Það var fiskur oft í matinn á Vesturgötunni og oftast soðinn og borinn fram með hömsum og tólg, en stundum steiktur upp úr raspi og eggjum. Reyndar fannst mér karbúnaði frábært, en það voru hjá mömmu lambalærisneiðar velt upp úr eggjum og raspi og borið fram með brúnuðum kartöflum, grænum baunum og rauðkáli og ekki má gleyma heimatilbúnu rabarbarasultunni með. Þetta var sparimatur í þá daga, en sem afar fáir elda í dag enda kannski ekki það hollasta. Annað var alltaf hjá okkur, en það voru grautar eða súpur í eftirmat, hrísgrjónagrautur, hafragrautur með slátri, kakósúpa, sætsúpa, sveskjugrautur og að ógleymdum sagagrjónavellingnum, sem mér fannst nú aldrei góður.

Dönsuðum oft á sunnudögum

Við kunnum líka fjölskyldan að skemmta okkur saman og það gerðum við meðal annars með því að dansa saman á stofugólfinu eftir danstónlist úr útvarpinu. Þarna sveifluðum við okkur saman í tjútti og jafnvel ræl og öðrum gömlum dönsum og svo var tvístað af miklum eldmóð. Þabbi hafði byrjað snemma að dansa en hann sýndi vikivaki dans á alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930. Hann var mesta dansfíllið og mamma smitaðist af áhuga hans, þannig að saman voru þau öflugt danspar. Mér var sagt löngu síðar að nágrannarnir við Ránargötuna, fjölskylda Magnúsar Steingrímssonar hafi oft horft á okkur inn um stofugluggann og undrað sig á aðförum, en kannski líka verið dálítið hissa á uppátækinu.

Við horfðum aldrei á Kanasjónvarpið og eignuðumst ekki sjónvarp fyrr en eftir að íslenska sjónvarpið hóf göngu sína enda fannst þabba það algjör tímaeyðsla. Aftur á móti hlustuðum við mjög oft saman á leikrit í útvarpinu.

Maggabúð

Þegar ég var 11 ára keypti þabbi verslun á Laugavegi 134 og nefndi hana Maggabúð en hann var alltaf kallaður Maggi. Ég var ansi oft spurð „Hvort ég væri ekki dóttir hans þabba míns.“ Hann fór að starfa sjálfstætt og var einyrki í byrjun. Ég hjálpaði honum oft og þurfti að leysa hann af,



Hildur G. Eypórsdóttir stendur hér við handofna veggteppið Mengun eftir Sigrúnu Sverrisdóttur

þegar hann varð að útrétta á opnunartíma og það rakst ekki á skólatíma. Þetta var nýlenduvörverslun, en líka með vefnaðarvörur. Þarna fannst mér ég vera ansi ábúðarmikil og jafnframt bera mikla ábyrgð en líkaði mjög vel að vera búðarkona. Ég er hrædd um að börn í dag væru ekki látin vera svona ein í verslun, enda ekki hægt því heimurinn er orðinn miklu grimmari og flóknari en var á þessum tíma.

Reyndar varð ég fyrir óskemmtilegri lífsreynslu þarna því ég sá þegar viðskiptavinur stal sokkum, nærfatnaði og fleiru og bar það hágrátandi upp á konuna, sem neitaði algjörlega. Ég vissi ekkert hvað ég ætti að gera annað en að hringja heim en þá svaraði engin þar meðan konan var í búðinni. Mér hugkvæmdist ekki að hringja í lögregluna enda var ég skelfingu lostin og átti bágt með að jafna mig á þessu. Síðar um daginn kom konan reyndar aftur og skilaði vörunum sem var miklu meira en það sem ég sá hana stela. Ég hef trúlega höfðað til einhvers góðs í henni með viðbrögðum mínum, en um það get ég ekkert vitað með vissu. Þetta hafði líklega einhver áhrif á mig til frambúðar, því hef verið ferlega þjófhrædd og treysti ókunnu fólki ekkert allt of vel.

Á Framnesvegi og við Kaplaskjólsvæg

Þabbi opnaði fleiri Maggabúðir. Eina nokkrum árum síðar í bílskúr við Úthlíð 7 og síðan í Vesturbænum í kjallara að Framnesveg 19 og loks að Kaplaskjólsvégi 43, sem hann rak til dauðadags 2. september 1972. Ég var alltaf viðloðandi verslunarrekstur hans og vann þar flest sumur og oft með skóla, en hann hafði líka starfsfólk. Ég sagði oft á þessum tíma að það væri merkilegt að alltaf þegar væri skólafri þá væru starfstúlkurnar veikar svo ég varð að vinna. Þetta er ábyggilega ekki satt, þótt mér fyndist þetta vera svona. Við bjuggum á Vesturgötunni til ársins 1969, en þá fluttum við að Reynimel 78. Þabbi átti bíl í mjög skamman tíma og því fór hann alltaf með strætó og það gerðum við öll. Þegar hann var eingöngu orðinn með eina verslun á Kaplaskjólsvégi, þá tók hann oft kassa með sér í strætó með nauðsynjum til heimilisins. Eitt skipið þá vatt sér að honum ein kona í vagninum og spurði hvað er í kassanum?

Skólaganga mín hófst í sjö ára bekk og auðvitað var ég í Melaskólanum. Þar var ég fyrst í bekk hjá Marteini Skaftfeld kennara. Hann var mikið ljúfmenni, en eitthvað veikir svo skipt var um kennara eftir þriðja bekk. Þá kenndi Kjartan Þorgilsson okkur, bróðir Helgu yfirkennara. Hann var trúlega of góður og rólegur svo ekki gekk neitt sérstaklega vel hjá honum að halda aga, þannig að í 12 ára bekk fengum við kvenskörunginn Magneu Hjálmarasdóttur og hélt hún okkur vel við kennsluefnið.

Þar sem Vesturgatan er austanmegin við Hringbrautina þá tilheyrði ég skólahverfi „Gaggó-Vest“ eða Gagnfræðaskóla Vesturbæjar við Hringbrautina og var þar tvö fyrstu árin í gagnfræðaskóla. Þótt mér líkaði þar ágætlega, þá urðu vinkonur mínar örlagavaldar, þar sem þær áttu heima vestanmegin við Hringbrautina og voru í Hagaskóla. Þess vegna fór ég ein og talaði við Björn Jónsson skólastjóra og sótti fast eftir að vera í sama skóla og vinkonurnar. Hann tók mér vel og veitti undanþágu þannig að ég fór í Hagaskóla og var þar í þriðja og fjórða bekk í verslunardeild þar sem aðeins voru kvennemendur.

Það var sérstaklega einn staður á Vesturgötu sem mér fannst falletastur, en það var á þeim punkti sem hægt var að sjá húsin meðfram götunni og svo aðeins hafið og himininn við endann. Þar fannst mér heimurinn vera óendanlegur og ég hafa frelsi og mikla víðáttu sem átti vel við mig. Þetta er ekki lengur hægt að sjá á sama máta eftir að húsið var að rífa niður Selbrekku og Selvörina, því þá var gatan beygð lítilliga og hús reist við enda götunnar sem skaga dálítið fram í hana.

Enginn veit ævina fyrr en öll er, svo kannski á ég eftir að enda þar sem ég byrjaði eða á Vesturgötunni. Það væri mér ekki á móti skapi. Það yrði samt ekki í gamla húsinu því það var rífið árið 1987.

Skóla-setning Melaskóla 2014

Skóla-setning 22. ágúst

Skóla-setning Melaskóla er í skála skólans.

Kl. 9:00 Nemendur í 2. og 3. bekkur

Kl. 10:00 Nemendur í 4. og 5. bekk

Kl. 11:00 Nemendur í 6. og 7. bekk

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 25. ágúst 2014.

Nemendur í 1. bekk eru boðaðir í viðtöl ásamt foreldrum/forráðmönnum sínum dagana 22. og 25. ágúst. Kennsla hjá þeim hefst samkvæmt stundaskrá, þriðjudaginn 26. ágúst 2014.

Við hlökkum til að sjá ykkur, starfsfólk Melaskóla.

Verið velkomin!



Meningarnótt í Borgarbókasafni

Laugardag 23. ágúst kl. 13-22



Kl. 13-22 KLIPPILJÓÐ
Allir geta sýnt snilli sína í ljóðagerðinni!



Kl. 13.30-15.30 ÖRTÓNLEIKAR Í MIKILLI NÁND OG SAMDÆGURSLJÓÐ
Tónleikar ólíkra tónlistarmanna á 15 mínútna fresti. Meðal listamanna eru: Markús, Kira Kira, Kött Grá Þjé, Benni Hemm Hemm, Magnús og Árni Grétar (Futuregrapher), Fríða og Smári úr Klassart og Just another snake cult.
Á sama tíma lesa rithöfundar og ljóðskáld upp samdægursljóð og texta sína í bland við eldri verk. Þeir sem lesa upp eru m.a. Kristín Ómarsdóttir, Kristín Eiríksdóttir, Hermann Stefánsson, Skarphéðinn Bergþóruson, Magnús Björn Ólafsson og Atli Sigþórsson.



Kl. 15 TRÍÓ REYNIS SIGURÐSSONAR
Tríóið leikur jazzaða tónlist úr ýmsum áttum, t.d. franska slagara, sænska alþýðutónlist og tónlist sem tengist Reykjavík og söngdanskubókum Suður- og Norður-Ameríku.



Kl. 18 AFMÆLISSÝNING ÍSLENSKRAR GRAFÍKUR
Sýning í tilefni 45 ára afmælis félagsins verður opnuð. Verk um 30 listamanna verða á sýningunni, unnin með ýmsum aðferðum. Heiðursfélagi er Björg Þorsteinsdóttir og verða verk hennar í öndvegi.



Kl. 19.30 og 20.30 FÖNDUR
Föndur fyrir alla fjölskylduna. Leiðbeinandi verður Kristín Arngrímsdóttir myndlistar- maður og rithöfundur.

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Aðalsafn, Tryggvagötu 15
s. 411 6100, borgarbokasafn@borgarbokasafn.is
Afgreiðslutími:
Mán-fim 10-19. Fös 11-18. Lau og sun 13-17

Menningarnótt á Tapas barnum:

Spænskur sælkeramarkaður, grill og suðræn tónlist

Í tilefni menningarnætur verður fjölmargt um að vera á veitingahúsinu Tapas barnum. Staðurinn opnar kl. 15 og fyrir utan verður blússandi spænsk stemning frá 15 - 20, Spænskur sælkeramarkaður, grill og veitingasala og tónlist.

Fyrir sækera er tilvalið að stoppa við á Sælkeramarkaðinum og næla sér í spænskt góðgæti; gæða chorizo pylsur frá Baron Del Lei, Serrano skinku og Mancheco ost, sykraðar möndlur og sælgæti. Á boðstólnum verða líka meðal annars tapenare og hummus



Tapas barsins, ólífur og sultaður laukur.

Einnig munu meistarakokkar Tapas barsins heilgrilla grís og hægt verður að versla veitingar, t.d. grillspjót og tapas snittur.

Hljómsveitin Harmónía Sjarmónía spilar dillandi suðræna tónlist kl. 16 og 17.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á facebook síðu Tapas barsins.

**ÖKUM
VARLEGA!
SKÓLARNIR
ERU AÐ
BYRJA!**



SJÓVÁ

MELASKÓLI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VÍS

Vesturbæjarskóli
VIÐRÆÐU - VEISLAN - VEIÐRÆÐU

Reykjavíkur Apótek

Vesturbæjarblaðið



Hringbraut 119
Sími: 55 44444

101 optic



Ný og spennandi
gleraugnaverslun
á Skólavörðustíg 2.

Sjónmælingar - 511 2500

Gleraugað

KR bikarmeistari 2014



Baldur Sigurðsson fyrirlíði KR hampar bikarum.

KR er bikarmeistari í knattsynnu árið 2014. Meistaratitillinn vannst eftir sigur á Keflavík í úrslitaleik á Laugardalsvelli þar sem KR-ingar skorðu tvö mörk en Keflavíkingar eitt. Þetta er 14. bikarmeistaratitill KR og sá fjórði á síðustu sjö árum.

Leikurinn var jafn í fyrri hálfleik en í seinni hálfleik tóku KR-ingar yfir. Það var þó ekki fyrr en í uppbótartíma sem þeim tókst að skora sigurmarkið sem Kjartan Henry Finnbogason skoraði eftir sendingu frá Gary Martin. Kjartan sagði draumi líkast hvernig KR-ingum tókst að klára leikinn. Hann

hvaðst varla trúá þessu í samali við fréttavefinn Vísi eftir sigurinn á Keflavík en með sigrinum vann hann sinn þriðja bikarmeistaratitil með KR. „Við byrjuðum kannski ekki alveg nógu vel og þeir skorðu eftir að við gerðum mistök. En markið var spark í rassinn fyrir okkur. Við jöfnuðum fljótlega og eftir það fannst mér þetta ekki vera spurning,“ sagði Kjartan og bætti við að alger draumur hafi verið að ná að klára þetta svona því minnstu munaði að Jonasi Sandqvist, markverði Keflavíkur, tækist að verja skot Kjartans.



Leikmenn KR syngja sigursöngva.



Stuðningsmenn KR fagna eftir leik.

KR-SÍÐAN



Fótbolti: Meistaraflokkur kvenna

KR stelpurnar í undanúrslit



KR stelpurnar fagna góðum sigri á Fram stelpum.

KR vann Fram 2-0 í B-riðli 1. deildar kvenna fyrir skömmu. Margrét María Hólmarsdóttir skoraði bæði mörkin.

Sigurinn tryggði KR efsta sætið í B-riðli og sæti í undanúrslitum þar sem KR-ingar mæta líkast til HK/Víkingi í byrjun september.

Margrét skoraði fyrra markið eftir um hálf tíma leik. Hulda átti fínan sprett upp hægri kantinn og sendi á Margréti sem var hægra megin í vítateiginum. Margrét snéri á varnarmann og sendi bolt-

ann framhjá markverðinum sem kom út á móti.

Tíu mínútum eftir leikhléið setti Margrét seinna markið. Sig-rún Inga sendi boltann inn að markinu í háum boga og virtist sem hann ætlaði að detta undir slánna. Markvörðurinn náði að slá boltann frá, undir pressu frá Sonju, en náði svo ekki valdi á boltanum.

Boltinn féll fyrir Margréti sem átti auðvelt verk með að setja boltann í opið markið.

MÆTUM Á VÖLLINN Í SUMAR OG STYÐJUM KR TIL SIGURS!



TAEKWONDO Í KR

Byrjendahópar fyrir krakka og fullorðna



Upplýsingar á kr.is



www.kr.is




GETRAUNANÚMER
KR ER 107

AUTUMN 2014

STUDY ICELANDIC AT MÍMIR

COURSES START SEPTEMBER 15th



**CITY
CENTER**



Öldugata 23, 101 Reykjavík

Register now

Learning Icelandic at Mimir

- At Mimir everyone is welcome and the atmosphere is relaxed.
- Courses are based on the curriculum of Icelandic as a second language published by The Ministry of Education, Science and Culture.
- Solid training in comprehension, listening, reading, writing and speaking.
- Variety of courses, diverse teaching material and fun teaching methods.

**EAST
CITY**



**NEW
LOCATION**

Höfðabakki 9, 110 Reykjavík Bus line no. 6 from downtown and bus line no. 12 from Breiðholt



Registration: tel: 580 1800 or at www.mimir.is